

Dags.: 7. júlí 2021
Efni: Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings vegna vindorkuvers á Hólaheiði.

Greinargerð/forsendur:

Nýverið hefur Norðurþing fengið til umfjöllunar og skipulagsmeðferðar byggingu vindorkuvers á Hólaheiði. Á sama tíma hefur umhverfismatsferli orkuversins verið sett af stað, þar með talið með ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun.

Í núverandi Aðalskipulagi Norðurþings stendur: „*Forðast skal að raska ósnortnum víðvernum í Norðurþingi með því að reisa þar mannvirki eða annars gæta þess að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.*“ Í sáttmála meirihluta Norðurþings 2018-2022 segir eftirfarandi: „*Tryggja að ekki verði ráðist í verkefni innan Norðurþings sem útheimti nýja virkjunarkosti á viðkvæmum ósnortnum svæðum í Þingeyjarsýslum.*“ Þá er rétt að halda til haga að ólíkar sveitarstjórnir síðustu ára og áratuga hafa ennfremur ekki gert ráð fyrir stórfelldum orkuiðnaði á þessu svæði sem um ræðir, og slíkt ekki komið til í skipulagsákvörðunum Norðurþings eða forvera sveitarfélagsins.

Að breyta aðalskipulagi svæðis úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði til orkunýtingar til að rúma vindorkuver á mjög stórum skala er ekki léttvæg auglýsing eða kynning heldur stefnumarkandi ákvörðun sveitarfélags. Nú hafa borist 14 umsagnir og athugasemdir í matsáætlunarferli Skipulagsstofnunar, engin þeirra jákvæð. Þar er bent á ýmislegt sem betur mætti fara í þessu máli. Þá er rétt að benda á að í besta falli eru áhöld um það hvernig þessar framkvæmdir ættu að nýtast sveitarfélaginu og nærsamfélaginu til góða. Ekkert liggur fyrir um það hvernig orkan verði nýtt og ennfremur ekkert sem tryggir að orkan verði nýtt á nærsvæðinu. Samfélagsábatí er því óljós, burtséð frá umhverfisáhrifum öllum. Atvinnuuppbygging á svæðinu verður lítil sem engin og því mun þessi framkvæmd ekki styrkja byggð.

Vindorkuverið við Hnotastein var einn af 34 virkjanakostum í vindorku sem verkefnastjórn fjórða áfanga í rammaáætlunar bærust. Hins vegar mat stjórnin það þannig að nægjanleg gögn hefðu aðeins fylgt fimm þeirra og var vindorkuverið við Hnotastein ekki á meðal þeirra.

Sveitarfélagið hefur ekki mótað stefnu um nýtingu vindorku og ekki hefur farið fram neitt samtal innan sveitarstjórnar né við íbúa sveitarfélagsins þar um. Veigamikil atriði hafa ekki verið leidd til lykta eða hlotið umfjöllun innan Norðurþings eða utan, sem skipta miklu máli í þessu sambandi, óbyggð víðerni, stefna í loftlagsmálum, sjónræn áhrif, hljóðvist auk afleiddra áhrifa svo sem á uppbyggingu ferðapjónustu, þróun landbúnaðar og rekstur verðmætra veiðiáa.

Tillaga til afgreiðslu:

Með vísan til þessa og þeirra gagna, umsagna og athugasemda sem komið hafa fram við umfjöllun matsáætlunar er eftirfarandi tillaga lögð fram til afgreiðslu byggðarráðs sem fer með umboð sveitarstjórnar á fundi 8. júlí 2021:

Fallið verði frá fyrirhuguðum breytingum á Aðalskipulagi Norðurþings fyrir byggingu stórtæks vindorkuvers á Hólaheiði. Umfjöllun sveitarstjórnar Norðurþings um skipulagsbreytingar í tengslum við orkuverið verði frestað þar til umhverfismati er lokið að fullu. Með þeim hætti verði málsmeðferð best háttáð enda liggja þá niðurstöður ítarlegra rannsókna, upplýsingaöflunar og opinbers samráðs fyrir áður en sveitarstjórn tekur sínar

*veigamiklu stefnumarkandi ákvarðanir um landnýtingu í gegnum Aðalskipulag.
Sveitarstjóra er falið að gera þegar í stað þær ráðstafanir sem þarf til þessa.*

Fyrir hönd V-listans í Norðurþingi

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir